

HPE-2016-10 Siglingar til Hríseyjar

Markmið verkefnisins er að vera tilbúin að taka á móti allt að 2000 manns sem koma siglandi með Ambassador frá Akureyri og stoppa í 2,5 klst. í Hrísey fjórum sinnum í viku frá júníbyrjun 2017. Búið er að ganga frá samningi við Ambassador um þessar siglingar og framundan er mikil vinna við undirbúning og skipulagningu. Ljóst er að ráða þarf fleira starfsfólk til Ferðamálfélagsins og skipuleggja gríðarlega vel svo allt gangi upp og ekkert fari illa.

Vinna þarf mikla vinnu í vetur við að undirbúa eyjuna til að taka á móti öllu þessu fólki en Ambassador stefnir á að koma með 50 - 100 manns í hverri ferð en alls verða fjórar fastar ferðir í viku. Siglt verður frá Akureyri til Hríseyjar þar sem starfsmenn Ferðamálafélagsins taka á móti farþegum og fara með þá í traktorsferð á flugvöllinn og þar verður stoppað smá stund og sagt frá lífinu í eyjunni og þróun byggðar og stiklað á stóru í sögu eyjarinnar. Þaðan verður farið í hús Hákarla Jörundar og farið í gegnum húsið og saga þess kynnt síðan verður gengið með fólkinu á veitingastað eyjarinnar og hópurinn skilinn eftir þar. Reiknað er með um 1,5 klst. í þetta prógram og þarf að lágmarki 3 starfsmenn í hvert sinn, fer eftir stærð hópsins. Búa þarf til verk- og vinnuáætlun og leita að hæfu starfsfólki því það þarf að hafa þekkingu á ferðaþjónustu og kunna sögu eyjarinnar og vera tilbúið að vinna kvöld og helgarvinnu. Mikill tími mun fara í að finna hæft fólk í þetta verkefni og þarf sennilega að leita út fyrir eyjuna. Þetta er því bæði nýtt verkefni og atvinnuskapandi og fellur því vel að markmiðum verkefnisins Hrísey perla Eyjafjarðar.

Verkefninu var úthlutað 540.000 kr.- í seinni úthlutun ársins 2016.